Byggðarendi

Vorum að fá til einkasölu glæsil. 300 fm einbhús á tveimur hæðum. Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofunni.

Fasteignasala
Árna Grétars Finnssonar, hrl.,
Stefán B. Gunnlaugsson, lögfr.
Strandgötu 25, Hf., sími 51500.

Íbúð á Sauðárkróki

Til sölu er stór íbúðarhæð við Aðalgötu á Sauðárkróki. Einnig hentug fyrir félagasamtök eða skrifstofur. Upplýsingar í síma 91-685023 á kvöldin og í síma 95-5123 á Sauðárkróki.

Atvinnuhúsnæði

Höfum á skrá úrval af atvinnuhúsnæði í mörgum stærðum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og víðar.

Leigumiðlun húseigenda hf.,
löggilt leigumiðlun,
símar 680510 og 680511.

Síðumúli 34

Fyrirhugað er að selja fasteignina Síðumúla 34, Reykjavík. Eignin er samtals 5.621,2 fm og samanstendur af 9 sjálfstæðum einingum, verslunarhæð, skrifstofuhæðum, íbúð (penthouse) og vörugeymslum. Til greina kemur að selja eignina í einu lagi eða einstakar einingar. Eigandi eignarinnar er Sölusamtök íslenskra matjurtaframleiðenda.
Allar upplýsingar veitir Árni Vilhjálmsson hdl. í síma 681211.

Lögfræðistofan Höfðabakka 9,
Vilhjálmur Árnason hrl., Ólafur Axelsson hrl.,
Eiríkur Tómasson hrl. og Árni Vilhjálmsson hdl.

Ljósritunar- og plöstunarfyrirtæki

Vorum að fá í sölu vel kynnt ljósritunarfyrirtæki, mjög vel búið tækjum. Tilvalið fyrir þá, sem vilja vinna sjálfstætt. Góð viðskiptasambönd. Gott verð.
Upplýsingar aðeins á skrifstofu vorri frá og með mánudeginum 12. september.

Sími 688-123

HAGSKIPTI hf

Skipholti 50 C (gegnt Tónabíói)

Kristján V. Kristjánsson viðskfr., Sigurður Örn Sigurðarson viðskfr.
Örn Fr. Georgsson sölustjóri.

FASTEIGNA HÖLLIN
MIÐBÆR - HÁALEITISBRAUT 58-60
35300 - 35301

Opið frá kl. 13-15
Í smíðum – Suðurhlíðar Kóp.

Glæsileg 2ja íbúða hús sem skiptist þannig: 2ja herb. jarðhæð 64 fm. Efri hæð: 7 herb. ca 200 fm + bílskúr og geymslur. Stærri íbúðin er á tveimur hæðum. Teikningar á skrifstofunni. Afh. í janúar 1989.

Ártúnshöfði – byggingarstig

Til sölu 585 fm iðnaðar- eða verslunarhúsnæði. Lofthæð neðri hæðar getur verið 3,5–6 metrar. Ath. enn er hægt að breyta húsinu eftir óskum kaupenda. Afh. áætluð um áramót. Teikningar á skrifstofunni.

Hreinn Svavarsson sölustj., Ólafur Þorláksson hrl.,

Hagkaup:

Leitað eftir starfsfólki á Akranesi og Suðurnesjum

ÓVENJU illa hefur gengið að finna fólk til starfa hjá Hagkaupum í Reykjavík að sögn Jóns Ásbergssonar forstjóra. Því hefur verið gripið til þess ráðs að leita út fyrir höfuðborgarsvæðið eftir vinnuafli og hefur verið borið niður á Akranesi og í Keflavík.

Jón sagði að óvenju erfitt hefði verið að fá fólk til starfa nú í haust, miðað við fyrri ár. Í byrjun september vantaði fólk í um 70 störf af um 700 störfum, eða sem næst 10% nauðsynlegs mannafla. Í gærmorgun hafði tekist að ráða í um helming þessara starfa. Til þess að manna þessar stöður, hafa forráðamenn Hagkaupa gripið til þess ráðs að leita í nærliggjandi byggðarlög við höfuðborgarsvæðið og bjóða fólki þaðan vinnu. Fólkinu hefur verið boðið að fá ferðakostnað greiddan og helming ferðatímans á launum.

Starfsmannastjóri Hagkaupa var á Akranesi fyrir viku síðan í þessu skyni og í gær var hann í Keflavík. Jón Ásbergsson sagði að ekki hefði orðið mikill árangur af Akranessförinni, fjórar konur hefðu komið til viðtals og líklega ein ráðið sig til starfa af þeim. Hann hafði ekki upplýsingar um árangurinn í Keflavík.

Jón sagði að venjulega þyrfti að ráða margt fólk á haustin. „Við fleytum okkur yfir sumarmánuðina með skólafólki, byrjun september er síðan venjulega erfiðasti tíminn og nú er óvenju erfitt. Við höfum leyst þetta með mikilli yfirvinnu sem gengur ekki til lengdar. Þetta er merki þess að mikil eftirspurn er eftir vinnuafli og um leið ein sönnun þess að niðurfærsluleiðin margumrædda er fjarstæðukennd hugmynd. Það þýðir ekki að ætla að lækka launin þegar fólk getur gengið beint út og fengið um leið vinnu annars staðar," sagði Jón Ásbergsson.

Hann sagði að verið væri að kanna möguleika á að bjóða starfsfólki aukna þjónustu, til dæmis barnagæslu, og hefði áhugi fólks í því sambandi verið kannaður. Ekki liggja fyrir enn endanlegar niðurstöður og ákvarðanir hafa ekki verið teknar.



Ása Ólafsdóttir.

Kjarvalsstaðir:

Sýning á myndvefnaði

ÁSA Ólafsdóttir hefur opnað sýningu á myndvefnaði í hálfum vestursal Kjarvalsstaða. Sýningin stendur til 2. október og verður opin daglega frá kl. 14 til 22.

Ása Ólafsdóttir stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1969-1973 og framhaldsnám við Konstindustriskolan Göteborgs Universitet 1976-1978. Hún hefur haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í mörgum samsýningum bæði hér á landi og erlendis.

Skáldsagnakeppni Æskunnar framlengd

STÓRSTÚKA Íslands hefur ákveðið að framlengja skáldsagnakeppni sem efnt var til í tilefni af 90 ára afmæli Æskunnar. Í frétt frá Stórstúkunni segir að ekki þeirra handrita sem borist hafa, uppfylli gæðakröfur útgefenda.

Í tilefni af 90 ára afmæli Æskunnar í október síðastliðnum, efndi Stórstúka Íslands til skáldsagnasamkeppni og voru áskilin réttindi til að taka hvaða handriti sem er eða hafna öllum. Alls bárust sjö handrit en ekkert þeirra fullnægði gæðakröfum útgefenda. Af þeim sökum var ákveðið að framlengja skilafrest í keppninni til maíloka 1989.

Verðlaunin sem í boði eru fyrir verðuga skáldsögu í þessari keppni eru 200 þúsund krónur, auk venjulegra ritlauna.

Þátttakendur í keppninni eiga að senda handrit, merkt dulnefni, til Stórstúku Íslands, Eiríksgötu 5, Reykjavík. Dómnefnd áskilur sér rétt til að taka hvaða handriti sem er eða hafna öllum, segir í fréttinni frá Stórstúkunni.

Námskeið í kyudo, japanskri bogfimi

UNDANFARIN ár hefur hópur manna hér á landi lagt stund á japanska bogfimi-kyudo. Bogfimi hefur frá alda öðli verið stunduð í Japan og notið mikillar virðingar. Aðeins æðsta stétt japönsku stríðsmannanna, samurai, fengu að bera og nota boga. Þegar mikilvægi bogans í hernaði minnkaði breyttist kyudo í listgrein, sem nú er stunduð víða um heim.

Þó vestræn bogfimi og kyudo eigi ýmislegt sameiginlegt eru grundvallarmarkmiðin ólík. Þó skotið sé á mark í kyudo er aðaláherslan lögð á bogmanninn sjálfan en ekki það að hitta markið hvað sem það kostar. Búnaður er einnig ólíkur, sem og grunntækni. Í kyudo er í byrjun lögð áhersla á að ná valdi á réttri líkamstöðu, öndun og samræmingu hreyfinga. Þegar þessu marki er náð kemur það af sjálfu sér, að bogmaðurinn hittir markið.

Íslenska kyudofélagið er aðili að Kyudosambandi Evrópu. Á hverju ári eru haldin alþjóðleg námskeið í einu aðildarríkjanna, nú síðast í París í ágústmánuði sl. Námskeiðin eru undir stjórn Japanska kyudosambandsins og senda þeir þangað sína bestu kennara. Í kyudo eru veitta kyu- og dan-gráður sambærilegar við það sem tíðkast í kendo, júdó og karate. Þessar gráður eru veittar af Japanska kyudosambandinu. Á Íslandi hafa 5 einstaklingar náð dan-gráðu, sá sem lengst hefur náð 4. dan. Kyudo er jafnt fyrir konur sem karla frá 18 ára aldri. Formaður íslenska kyudofélagsins er Elsa Guðmundsdóttir. Fyrirhugað er að taka inn takmarkaðan fjölda nýrra nemenda á næstunni og verður það nánar auglýst síðar.

(Fréttatilkynning)



Sterkur og hagkvæmur auglýsingamiðill!

Morgunblaðið

BIFREIÐAÚTBOÐ
nk. þriðjudag.
SALA VARNARLIÐSEIGNA.